



04.05.15

Atvinnuveganefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, umsögn. Þingskjal 1172 og mál 698.

Á fundi bæjarráðs Grundarfjarðar 30. apríl sl. var lagt fram og kynnt frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 78/2002, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að frá og með árinu 2016 verði með auknum niðurgreiðslum tryggt að flutningur og dreifing á raforku til hitunar á íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma.

Svofelld tillaga var samþykkt samhljóða á fundinum:

„Bæjarráð Grundarfjarðar fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 78/2002, sbr. þingskjal 1172, mál 698, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að að tryggt verði frá og með árinu 2016 að flutningur og dreifing á raforku til húshitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma.

Bæjarráð leggur eindregið til að frumvarpið verði samþykkt, en með þeirri breytingu að það nái einnig til niðurgreiðslu á opinberum byggingum í eigu sveitarfélaga á köldum svæðum, s.s. skóla, sundlauga og annarra þeirra bygginga sem notaðar eru í þjónustu við íbúa viðkomandi sveitarfélaga og að niðurgreiðslan verði miðuð við húshitunarkostnað á svæðum með meðaldýra hitaveitu.“

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum,

Þorsteinn Steinsson

Bæjarstjóri
Grundarfirði



Bæjarstjórinn
Grundarfirði